
MINNISBLAÐ

FRÁ: HÖNNU BORG JÓNSDÓTTUR, VERKEFNASTJ. FARSÆLDARRÁÐS HBSV.
TIL: STJÓRNAR SSH
EFNI: AÐGERÐAÁÆTLUN FARSÆLDARRÁÐS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
DAGS: 16. JÚNÍ 2026

Tillaga:

Lagt er til að fyrirbyggjandi aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaga SSH.

Greinargerð:

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins var stofnað þann 14. nóvember 2025 í samræmi við 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 um svæðisbundin farsældarráð. Aðilar að ráðinu eru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Kjós ásamt framhaldsskólunum á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og íþróttahéruðunum á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar sveitarfélaganna í ráðinu eru sviðsstjórar fræðslu- og velferðarsviða.

Ráðið hefur unnið að gerð aðgerðaáætlunar frá stofnun þess en ráðið hefur fundað í sex skipti á tímabilinu frá nóvember 2025 – maí 2026. Áætlunin byggir á ítarlegri kortlagningu á stöðu barna á höfuðborgarsvæðinu og nær hún til allra grunnstoða farsældar barna; menntunar, lífsgæða, heilsu, öryggi og þátttöku.

Aðgerðaáætlunin byggir á eftirfarandi gögnum:

- [Drögum að stefnu stjórnvalda um farsæld barna](#),
- Grunnstöðum farsældar (menntun, lífsgæði, heilsa, öryggi, þátttaka),
- Niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ),
- Niðurstöðum farsældarþings frá hausti 2023,
- Niðurstöðum frá vinnustofum um börn í viðkvæmri stöðu sem fram fóru í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2022-2025
- Niðurstöðu áhersluverkefnis sóknaráætlunar SSH 2024 um forvarnir og geðrækt barna og ungmenna 16-25 ára
- Tillögum aðila farsældarráðs, foreldraráða og ungmennaráða á hbsv.

Samkvæmt fyrirnefndri 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skulu svæðisbundin farsældarráð vinna áætlun um svæðisbundna forgangsöröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára. Aðgerðaáætlunin samanstendur af sex meginmarkmiðum og 21 aðgerð sem skiptast undir meginmarkmiðin. Meginmarkmiðin eru:

- Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna:
Bætt flæði upplýsinga og öflugri samvinna
- Bætt líðan barna í skóla
- með áherslu á viðkvæma hópa
- Öflugri saman í forvörnum og fræðslu
- aðilar farsældarráðs vinna saman
- Betri tenging milli heimilis og skóla
- Bætt öryggi og öryggistilfinning barna
- Aukið jafnræði barna

Gert er ráð fyrir að aðgerðaaætlunin og viðeigandi kostnaðaráætlun sé uppfærð í maí ár hvert en þá er árleg framvinduskýrsla einnig birt.

Forgangsaðgerðir árið 2026 hafa verið skilgreindar eftirfarandi:

- Farsældarerindreki (Farsældar-agent (AI))
- Sameiginleg farsældarvika árlega
- Samvinna í tengslum við skólasóknarvanda
- Sameiginleg gæðaviðmið um foreldrafræðslu - Foreldrafræðsluleiðarvísir
- Sameiginleg gæðaviðmið varðandi forvarnir og geðrækt fyrir 16-18 ára
- Farsældarverklagið: Bætt upplýsingaflæði milli aðila
 - Bætt upplýsingaflæði milli framhaldsskóla og sveitarfélaga
 - Bætt upplýsingaflæði milli heilsugæslu og sveitarfélaga
 - Skýrara hlutverk þjálfara og skýrara verklag innan íþróttafélaga

Kostnaður:

- Kostnaður sveitarfélaganna 2026:
 - 22 milljónir
 - Þar af hafa 22 milljónir fengist í tengslum við áhersluverkefni sóknaráætlunar
- Kostnaður sveitarfélaganna 2027:
 - 16 milljónir samtals
 - Möguleiki á einhverri fjármögnun í tengslum við áhersluverkefni sóknaráætlunar 2027.
 - Kostnaður á árinu 2027, skipt eftir sveitarfélögum:
 - Reykjavík: 8.964.712 kr
 - Kópavogur: 2.538.057 kr
 - Hafnarfjörður: 2.045.443 kr
 - Garðabær: 1.293.598 kr
 - Mosfellsbær: 868.170 kr
 - Seltjarnarnesbær: 290.020 kr
- Árlegur kostnaður 2028, 2029, 2030:
 - 6,5 milljónir samtals
 - Endurskoðuð kostnaðaráætlun lögð fyrir sveitarstjórnir árlega í maí